



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 13. maí, 2020

Ákvörðun nr. 22/2020

## **Samruni Festi hf. og Íslenskrar orkumiðlunar ehf.**

### **I.**

#### **Málavextir og málsmeðferð**

Með bréfi, dags. 1. apríl 2020, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna Festi hf. (hér eftir „Festi“) og Íslenskrar orkumiðlunar ehf. (hér eftir „ÍOM“). Festi er fyrirtæki sem starfrækir m.a. eldsneytisstöðvar undir vörumerkinu N1 og matvöruverslanir undir vörumerkinu Krónan. ÍOM er fyrirtæki sem selur raforku til endanotenda, bæði einstaklinga og fyrirtækja. Með tilkynningunni fylgdi svokölluð styttri samrunaskrá í samræmi við 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005 og viðauka II við reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum, með síðari breytingum.

Með tölvubréfi, dags. 16. apríl 2020, tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að samrunaskrá vegna samrunans teldist fullnægjandi og að frestir til rannsóknar samrunans hefðu byrjað að líða 2. apríl 2020.

Við meðferð málsins óskaði Samkeppniseftirlitið eftir umsögn hagaðila vegna samrunans auk þess sem eftirlitið óskaði eftir tilteknum upplýsingum og sjónarmiðum frá samrunaaðilum.<sup>1</sup> Engin efnisleg umsögn eða athugasemdir bárust vegna samrunans.

### **II.**

#### **Samruninn og aðilar hans**

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða að það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Samkeppniseftirlitið telur að í kaupum Festis á ÍOM felist samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

Í samrunaskrá segir að Festi sé félag sem starfi í smásölu á Íslandi auk fasteignarekstrar og skyldrar þjónustu. Innan samstæðu Festi séu þannig félög á borð við Krónuna ehf., N1 ehf. og Elko ehf. ÍOM hafi starfsleyfi til sölu á raforku. Félagið hafi selt raforku til almennra fyrirtækja og heimila ásamt því að taka þátt í útboðum vegna jöfnunar flutningstapa.

---

<sup>1</sup> Umsagnarbeiðni var send til: Atlantsolíu, Haga, Dælnunnar, Samkaupa, HS Orku, Orku náttúrunnar, Fallorku, Orkubús Vestfjarða, Orkusölnunnar, Orku heimilanna, Norðurorku, Ísorku, Faradice og GSG.



Í samrunaskrá segir að Festi hafi yfirráð yfir félögunum Hlekk ehf., N1 ehf., Krónunni ehf., ELKO ehf., Festi fasteignum ehf., Bakkanum vöruhótel ehf. auk smærri félaga sem ekki hafi með höndum sjálfstæðan rekstur eins og sakir standi. ÍOM eigi engin dótturfélög.

Samrunaaðilar telja samrunann fela í sér tækifæri til vaxtar sem geti komið báðum aðilum til góðs. Byggi það á því að Festi sé í góðri stöðu til þess að aðstoða ÍOM við frekari vöxt í sölu á raforku þar sem ÍOM muni hafa aðgang að sérhæfðu starfsfólki í markaðssetningu og sölu ásamt því sem N1 geti selt raforku á bíla á eldsneytisstöðvum sínum. Feli hvort tveggja í sér aukna samkeppni og meira val fyrir neytendur að mati samrunaaðila.

### III.

#### Markaðir málsins

Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markað frá tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn. Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur og þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar, sbr. 4. gr. samkeppnislaga. Staðgönguvara og staðgönguþjónusta eru vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti geta komið í stað annarrar vöru eða þjónustu.<sup>2</sup>

Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.

Í samrunaskrá segir það sé mat samrunaaðila að samruninn hafi ekki áhrif á neinum mörkuðum þar sem félögin starfi. Innan samstæðu Festi sé ekkert félag sem selji eða framleiði raforku. Starfsemi ÍOM felist aðeins í sölu á raforku sem fyrirtækið kaupir af innlendum birgjum. Þess skuli getið að N1 hafi á undanförunum árum leigt Orku náttúrunnar ohf. aðstöðu á eldsneytisstöðvum sínum undir hleðslustöðvar. Það hafi verið gert á grundvelli samstarfssamnings sem nú hafi verið sagt upp. N1 hafi ekki selt rafmagn með sjálfstæðum hætti. Þá sé einnig rétt að geta þess að N1 keypti rekstur og eignir félagsins Hleðsla með kaupsamning, dags. 17. desember 2019. Fyrirtækið seldi hleðslustöðvar og tengdan búnað. Velta félagsins hafi verið lág og ekki hafi verið um að ræða tilkynningarskyldan samruna. N1 hafi í hyggju að efla reksturinn og hasla sér völl í sölu á hleðslustöðvum, ráðgjöf við rafhleðslustöðvar og tengdum rekstri. Samhliða sé áætlað að selja rafmagn í smásölu. Kaup Festi á ÍOM styðji við þau áform.

Samkeppniseftirlitið telur að unnt sé að fallast á það mat samrunaaðila að þeir starfi ekki á sömu mörkuðum og að samruninn hafi því ekki í för með sér lárétt áhrif á samkeppni.

---

<sup>2</sup> Í sumum tilvikum er nauðsynlegt að skilgreina markaðinn út frá fleiri víddum en vörunni eða þjónustunni sjálfri og hvar hún er seld, s.s. opnunartíma verslana eða á hvaða tíma þjónusta er veitt.



Að mati Samkeppniseftirlitsins kemur samruninn einkum til með að hafa áhrif á eftirfarandi mörkuðum eða mögulegum mörkuðum:

- Markaði fyrir sölu á rafmagni til endanotenda.
- Mögulegum markaði fyrir sölu á hleðslustöðvum fyrir bifreiðar og ráðgjöf við þær.
- Mögulegum markaði fyrir smásölu rafmagns á bifreiðar (rekstur hleðslustöðva).

Samkeppniseftirlitið hefur í fyrri málum sínum skilgreint markað fyrir sölu á rafmagni til endanotenda, sbr. t.d. ákvarðanir nr. 49/2006, *Stofnun Orkusölnunnar ehf.* og nr. 21/2020, *Kaup Orkusölnunnar ehf. og RARIK ohf. á Rafveitu Reyðarfjarðar*. Hefur verið litið svo á að landfræðilegur markaður vegna sölu rafmagns nái til landsins alls. Í ljósi niðurstöðu málsins er ekki þörf á því að skilgreina markaðinn með ítarlegri hætti.

Hvað varðar seinni tvo markaðina óskaði Samkeppniseftirlitið eftir afstöðu samrunaaðila til þess hvort tilefni væri til þess að skilgreina þá markaði vegna úrlausnar málsins. Í svari samrunaaðila kom fram þeir mætu það svo að ekki væri sérstök þörf á því þar sem Festi hafi einungis nýlega hafið sölu á hleðslustöðvum en ÍOM selji ekki slíkan búnað. Auk þess sé það afstaða samrunaaðila að sala á rafmagni á bifreiðar muni í framtíðinni lúta sambærilegum lögmálum og önnur sala rafmagns þar sem unnt sé að hlaða bifreiðar við heimili, stofnanir, fyrirtæki, bílastæðahús o.s.frv.

Að mati Samkeppniseftirlitsins eru vísbendingar um að hægt sé að skilgreina sérstakan markaðu fyrir sölu á hleðslustöðvum fyrir bifreiðar og ráðgjöf í tengslum við þær. Sá markaður gæti eftir atvikum skipst eftir tegundum og ætlaðri notkun hleðslustöðva, s.s. í hleðslustöðvar til heimilisnota, hleðslustöðvar í almennum rýmum og hraðhleðslustöðvar. Þá er það jafnframt mat eftirlitsins að vísbendingar séu um að hægt sé að skilgreina markað fyrir rekstur hleðslustöðva fyrir bifreiðar. Fyrri markaðurinn gæti náð til landsins alls en sá síðari væri líklega staðbundinn.<sup>3</sup> Í ljósi niðurstöðu málsins er ekki þörf á því að taka endanlegu afstöðu til skilgreiningar framangreindra markaða.

#### **IV. Niðurstaða**

Í máli þessu er Samruni Festis og ÍOM tekin til skoðunar í samræmi við ákvæði samkeppnislaga um samruna. Því þarf að taka til skoðunar hvort samruni fyrirtækjanna hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist á hinum skilgreindu mörkuðum málsins, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 1. mgr. 17. gr. c. samkeppnislaga.

Ljóst er að samrunaaðilar starfa ekki á sama markaði og af þeim sökum mun engin lárétt samþjöppum verða vegna samrunans á mörkuðum málsins. Þá ber einnig að líta til þess að hlutdeild ÍOM á raforkumarkaði er takmörkuð eða innan við 10% og Festi hefur

---

<sup>3</sup> Erlend samkeppnisyrifvöld hafa skilgreint markaði tengda sölu á hleðslustöðvum fyrir bifreiðar og rekstur þeirra, sjá t.d. ákvörðun breska samkeppniseftirlitsins frá 20. janúar 2017 í máli nr. ME/6646/16 - Anticipated acquisition by Chargemaster plc of Elektromotive Limited. „...the CMA has considered the impact of the Merger in the following product frames of reference: (a) the supply, installation and maintenance of home charging EVSE; (b) the supply, installation and maintenance of public and workplace charging EVSE; (c) the supply, installation and maintenance of rapid charging EVSE; and (d) the supply of network services, incorporating the supply of EVSE network services to site hosts (B2B) and the supply of EVSE network services to consumers, either by subscription or on a PAYG basis (B2C).”



einungis nýlega hafið sölu á rafhleðslustöðvum fyrir bifreiðar en hefur ekki enn sjálft hafið sölu á rafhleðslum á bifreiðar.

Í ljósi alls framangreinds er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé tilefni til íhlutunar vegna samrunans.

**Ákvörðunarorð:**

**„Samkeppniseftirlitið hefur haft til skoðunar samruna Festi hf. og Íslenskrar orkumiðlunar ehf. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson